

Nd.

563. Breytingartillaga

[201. mál]

við frv. til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 10. gr. frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Nú þykir ríkisstjórninni að rannsökuðu máli tvísýnt að hefja byggingu kísilgúrverksmiðju, og heimilast ríkisstjórn þá að taka engu að síður lán allt að 150 millj. króna og verja því láni, sem hér segir:

Ríkisstjórnin kallar saman ráðstefnu fulltrúa bæjarstjórna og sýslufélaga norðanlands. Skal vera einn fulltrúi frá hverju sýslufélagi og hverri bæjarstjórn. Ríkisstjórnin gefur síðan þessari ráðstefnu kost á að fá handa bæjunum og sýslunum lán, alls að upphæð 150 millj. kr., til þess að koma upp nýjum verksmiðjum víða norðanlands samkvæmt nánari áætlun, er ríkisstjórn og þessir aðilar gera í sameiningu.